

Föstudaginn 14. febrúar 1941.

Nr. 1/1941. **Vinnuveitendafélag Íslands**
gegn
Alþýðusambandi Íslands.

Varadómari próf. Ísleifur Árnason í stað Hákonar Guðmundssonar.

Deilt um lögmati verkfalls. Samúðarverkfall talið heimilt, en skylt að boða það með sama fyrirvara og önnur verkföll.

Dómur.

Málavextir eru þeir, að hinn 24. f. m. kl. 0,30 hóf Sjófn, félag starfsstúlkna á veitingahúsum og skipum, að undan-genginni allsherjar atkvæðagreiðslu um þetta efni, vinnu-stöðvun hjá þeim veitingamönnum, sem eru félagar í Vinnu-veitendafélagi Íslands. Síðar sama dag lagði Alþýðusamband Íslands, með bréfi, fyrir matsveina, veitingaþjóna og hljóð-færaleikara að vinna ekki meðan deila starfsstúlkanna stæði yfir á veitingastöðunum: Hótel Borg, Hótel Ísland og í Odd-fellowhúsinu, að því er það taldi samkvæmt heimild í 18. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 1938. Eftir fyrirmælum alþýðusambandsins lögðu þessir aðiljar síðan niður vinnu þennan sama dag. Vinnuveitendafélag Íslands telur umrædda vinnustöðvun matsveinanna, veitingaþjón-anna og hljóðfæraleikaranna ólögmeta og hefur með stefnu, útgefinni 27. jan. s. l., höfað mál þetta fyrir félagsdómi og gert þær réttarkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að 18. gr. laga nr. 80 frá 1938 sé rétt skilin þannig, að þar sé aðeins bannað þeim, sem eru í sama félagi eða sambandi og þeir, sem

verkfall hafa gert, að vinna þá vinnu, sem þeir hafa lagt niður, er verkfallið gerðu, og sérstaklega, að Alþýðusambandi Íslands hafi verið óheimilt að banna veitingaþjónum, matsveinum og hljóðfæraleikurum að vinna vinnu sína hjá veitingamönnum í því tilfalli, sem framan er greint.

2. Að Alþýðusamband Íslands verði sektað fyrir brot á framangreindum lögum og
3. Að Alþýðusamband Íslands verði dæmt til þess að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Litur stefnandi svo á, að fyrrnefnda lagagrein beri að skilja á þann veg, að þar sé aðeins bannað að vinna þá vinnu, sem þeir hafa haft á hendi, er verkfall hafa gert, en hins vegar sé mönnum heimilt að halda áfram venjulegri eigin vinnu sinni, þó að þeir séu í sama stéttarsambandi og þeir, sem hafa hafið verkfall.

Stefndi hefur mótmælt framangreindum lagaskilningi stefnanda og kröfum hans, og gert eftirgreindar réttarkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að 18. gr. laga nr. 80 frá 1938 sé rétt skilin þannig, að sérhver aðstoð meðlima þess félags eða sambands, sem að vinnustöðvun standa, sé óheimil, ef aðstoðin er til þess fallin að stuðla að því að afstýra vinnustöðvun, sem löglega hefur verið hafin, og að bann stefnda við vinnu þjóna, matsveina og hljóðfæraleikara á Hótel Borg, Hótel Ísland og Oddfellowhúsinu verði talið lögmætt.
2. Að sýknað verði af málskostnaðar- og sektarkröfu stefnanda og
3. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Eins og framangreindar dómkröfur beggja aðiljanna bera með sér, ganga þær að nokkru leyti í þá átt, að viðurkenndur verði með dómi ákveðinn, almennur skilningur á 18. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Dómurinn telur sér hvorki rétt né skylt að taka slíka almenna afstöðu til skilnings á greininni, en tekur í þessu sambandi aðeins til athugunar, hvort ákvæði greinarinnar hafi heimilað stefnda að fyrirskipa matsveinum, veitingaþjónum, og hljóðfæraleikurum vinnustöðvun þá, sem að framan getur, eða ekki.

Að því er snertir skilning á ákvæðum nefndrar greinar, heldur stefndi því fram, að samstarf fyrrgreindra manna, sér-

staklega matsveina og veitingaþjóna annars vegar og starfsstúlkanna hins vegar, sé svo náð, að óhjákvæmilegt hafi verið fyrir þessa menn að grípa á ýmsan hátt inn í störf stúlkanna, eftir að þær lögðu niður vinnu. Ef þeir hefðu starfað í veitingahúsunum áfram, hefðu þeir ekki getað komið hjá, að stuðla að því með vinnu sinni, að hnekkja vinnustöðvun stúlkanna, og þar sem þeir séu meðlimir félaga í alþýðusambandinu, en það standi að vinnustöðvun starfsstúlkanna, hafi þetta verið óheimilt eftir nefndri 18. gr. Telur stefndi, að sér hafi því verið fyllilega heimilt, að fyrirskipa þeim að hætta að vinna í því skyni, að vinnustöðvun stúlkanna yrði virk.

Hefur stefndi leitt 3 matsveina sem vitni fyrir dómnum, einn frá hverju áður nefndra veitingahúsa. Hafa þeir hver fyrir sig borið það, að þeir hafi að einhverju leyti í störfum sínum farið inn á starfssvið stúlkanna meðan þeir unnu í veitingahúsinu, eftir að þær lögðu niður vinnu hinn 24. f. m.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindri röksemdafærslu stefnda, svo og framburðum matsveinanna um það, að þeir hafi unnið nokkur störf umræddan dag, er verið hafi á verksviði starfsstúlkanna. En enda þótt matsveinarnir eða veitingaþjónarnir hafi að einhverju leyti farið inn á starfssvið stúlkanna, verða ákvæði oftnefndrar lagagreinar ekki skilin svo, að það hafi heimilað stefnda að banna þessum mönnum og hljóðfæraleikurunum, að inna af hendi sína venjulegu vinnu á veitingastöðunum. Hins vegar verður að telja, að stefndi hefði samkvæmt ákvæðum greinarinnar haft rétt til að banna þeim að vinna annað en venjuleg störf sín, en hvorki orðalag greinarinnar sjálfrar eða greinargerðar millipinganefndar þeirrar, er undirbjó lögin, veita heimild til víðtækari skýringar á henni. Samkvæmt framansögðu hefur því bann stefnda við allri vinnu matsveina, veitingaþjóna og hljóðfæraleikara á fyrrgreindum veitingastöðum ekki stoð í oftnefndri 18. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur.

Í öðru lagi hefur stefndi haldið því fram, að honum hafi undir öllum kringumstæðum verið heimilt að láta félög matsveina, veitingaþjóna og hljóðfæraleikara hefja samúðarverkfall með starfsstúlkunum og það án fyrirvara, þar sem engin heimild sé til þess að heimta fyrirvara að því er samúðarverkföll snertir. Sé því vinnustöðvun þeirra lögmæt sem sam-

úðarverkfall, enda þótt svo yrði litið á, að hún væri ekki heimil eftir ákvæðum 18. gr.

Stefnandi hefur mótmælt því, að samúðarverkföll séu heimil, en þó svo væri, þá hafi hér ekki verið um slíkt verkfall að ræða.

Í lögnum um stéttarfélög og vinnudeilur er hvergi berum orðum á samúðarverkföll minnt, en þar sem slík verkföll voru tíðkuð áður en lögin voru sett og gagnályktun frá 3. tölulið 17. gr. bendir til þess, að þau geti átt sér stað, telur rétturinn þau heimil. Þá er það álit dómsins, að hinar almennu reglur í II. kafla laganna um framkvæmd vinnustöðvanna eigi og að ná til samúðarverkfalla, því að ástæður þær, er liggja til grundvallar þeim reglum, eigi engu síður við um slík verkföll. Má í því efni benda á greinargerð tédtrar milliþinganefndar við 16. gr. laganna. Nú er upplýst, að vinnustöðvun matsveinanna, veitingaþjónanna og hljóðfæraleikaranna var fyrirskipuð og framkvæmd fyrirvaralaust. Var því ekki fylgt ákvæðum 16. gr. um það, að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem vinnustöðvunin aðallega bendist gegn, vinnustöðvunina 7 sólarhringum áður en tilætlunin var að hún skyldi hefjast. Þegar af þessari ástæðu var umrædd vinnustöðvun því ekki hafin á lögumáttan hátt sem samúðarverkfall.

Eftir því, sem að framan segir, verður þá að fallast á það hjá stefnanda, að stefnda hafi verið óheimilt að banna á þann hátt, sem gert var, veitingaþjónum, matsveinum og hljóðfæraleikurum að vinna venjulega vinnu sína á áðurgreindum veitingastöðum.

Að fenginni þessari niðurstöðu og þar sem stefndi átti framkvæði að hinni ólögmetu vinnustöðvun fyrrgreindra manna, þykir ekki verða hjá því komið að sekta stefnda fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 80 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, en að öllum málavöxtum athuguðum þykir rétt að dæma stefnda í lágmarkssekt eða kr. 50.00, er renni í ríkissjóð.

Eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 150.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Alþýðusambandi Íslands, var óheimilt að banna, eins og gert var, hinn 24. jan. 1941, veitingaþjónum, matsveinum og hljóðfæraleikurum að vinna venju-

lega vinnu sína á veitingastöðunum: Hótel Borg, Hótel Ísland og Oddfellowhúsinu.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands, greiði 50 kr. sekt í rikissjóð.

Þá greiði stefndi Vinnuveitendafélagi Íslands kr. 150.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Mál þetta er höfðað af Vinnuveitendafélagi Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands með stefnu, útgefinni 27. f. m.

Tildrög máls þessa eru eftirfarandi svo sem viðurkennt er af málflutningsmönnum beggja málsaðila og sannað með eidfestum framburði þriggja vitna.

Aðfaranótt og að morgni þess 24. f. m. hófu starfsstúlkur, sem eru meðlimir í starfsstúlknafélaginu Sjöfn, verkfall hjá veitingamönnum, sem eru félagar í Vinnuveitendafélagi Íslands, þar á meðal hjá eigendum Hótel Íslands, Hótel Borgar og Oddfellowhússins, og skipta þessir þrír veitingastaðir einir máli í sambandi við málshöfðun þessa. Á Hótel Borg unnu 30 starfsstúlkur, á Hótel Ísland 11 og í Oddfellowhúsinu ca. 6. Allar þessar stúlkur lögðu niður vinnu, er verkfallið hófst. Eigendur þessara veitingahúsa hugðust hins vegar að halda rekstrinum áfram, enda þótt um 47 af starfsmönnum þeirra hefðu lagt niður vinnu. Á Hótel Borg var veitingasölun haldið opnum og gestir afgreiddir með venjulegum hætti, í Oddfellowhúsinu var veitingasölunum haldið opnum, gestir afgreiddir með venjulegum hætti og auk þess áformuð, undirbúin og haldin veizla með 150 gestum að kvöldi þess 24. f. m. Á Hótel Ísland var veitingasölunum að visu lokað, en matur og annað afgreitt til hótélgesta á herbergjum hótelsins. Til þess að nefnd veitingahúsa gætu haldið áfram starfsemi sinni svo sem lýst hefur verið, var óhjákvæmilegt að einhver leysti af hendi starf stúlkanna, sem var í því fólgid að annast um allar breiðingarnar, allan þvott í eldhúsi á matarílátum og öðru, afhýðing kartafna, tilbúning á the og kaffi, afgreiðslu til þjóna í bítiborð og annað slikt. Til þess að unnið yrðu þessi störf stúlkanna, fóru nefnd veitingahúsa þessar leiðir: Á Hótel Borg, þar sem 5 stúlkur unnu venjulega í eldhúsi, kom húsmóðirin sjálf til starfa í eldhúsið ásamt tveim dætrum sínum, sem ekki höfðu unnið slík störf áður, auk þess sem matsveinn veitingahússins varð sjálfur að vinna að afhýðingu kartafna, uppþvotti á matarílátum og að þrifa eldhúsborð, en þessi störf höfðu stúlkurnar eingöngu unnið áður. Þjónar veitingahússins afgreiddu sig sjálfir í bítiborði og sóttu matinn í eldhúsið. Á Hótel Ísland var annar matsveinninn kallaður tæpum tveim klukkustundum fyrr til starfs en venjulegt er, að morgni þess 24. f. m., til að vinna morgunverk stúlkanna, auk þess sem hann ásamt fyrsta matsveini annaðist allan uppþvott matarílláta, en það hafði hann aldrei gert áður. Eigandi Hótel Íslands kom sjálfur til vinnu í eldhúsi hótelsins að morgni þess 24. f. m. Í Oddfellowhúsinu komu bæði

húsmóðir og húsbóndi til starfs í eldhúsinu um morguninn er verkfallið hófst, og unnu störf stúlkanna, ásamt matsveininum, sem vann að því að þvo upp matarílát, þrifa borð og afhýða kartöflur. Vegna þess að óvenju mikið var að gera í Oddfellowhúsinu þennan dag vegna veizluhalds um kvöldið, voru fengnar konur utan úr bæ til snúninga og aðstoðar. Þjónar og matsveinar á þessum þrem veitingahúsum eru allir meðlimir í Matsveina- og veitingaþjónafélagi Íslands, og er félagið meðlimur Alþýðusambands Íslands.

Þegar stjórn Alþýðusambandsins varð það ljóst, að eigendur veitingahúsanna héldu áfram rekstrinum eftir að verkfallið hófst, með því að láta menn, sem voru félagsbundnir í félagi innan Alþýðusambandsins, vinna störf stúlkanna, sem voru í verkfalli og aðstoða ófélagsbundna verkfallsbrjóta við störf þeirra, þá ákvað hún með skírskotun til 18. greinar laga nr. 80 frá 1938 að bann þjónum, matsveinum og hljóðfæraleikurum að halda áfram starfi sínu á Hótel Borg, Hótel Ísland og Oddfellowhúsinu. Síðari hluta dags þess 24. f. m. tilkynnti Alþýðusamband Íslands stéttarfélagum þessara aðila bann þetta, og lögðu þeir þá þegar niður vinnu.

Vinnuveitendafélag Íslands leit svo á, að Alþýðusamband Íslands hefði ekki stoð fyrir banni sínu í 18. grein fyrrnefndra laga og telur vinnustöðvun þjóna, matsveina og hljóðfæraleikara óheimila. Hefur Vinnuveitendafélag Íslands höfðað mál þetta hér fyrir dómi til viðurkenningar á skilningi sínum á 18. gr. laga nr. 80/1938, refsingar á hendur Alþýðusambandi Íslands og greiðslu málskostnaðar. Eru kröfur Vinnuveitendafélags Íslands í málinu þessar:

1. Að viðurkennt verði, að 18. gr. laga nr. 80/1938 sé rétt skilin þannig, að þar sé aðeins bannað þeim, sem eru í sama félagi eða sambandi og þeir, sem verkfall hafa gert, að vinna þá vinnu, sem þeir hafa lagt niður, er verkfall gerðu, og sérstaklega að Alþýðusambandi Íslands hafi verið óheimilt að banna þjónum, matsveinum og hljóðfæraleikurum að vinna vinnu sína hjá veitingamönnum.
2. Að Alþýðusamband Íslands verði sektað fyrir brot á framangreindum lögum og dæmt til greiðslu málskostnaðar.

Skilningi sínum á 18. gr. og kröfum í málinu til stuðnings, telur stefnandi, að 18. gr. laga nr. 80/1938 sé óskiljanleg markleysa, eins og hún er orðuð, en að af greinargerð frumvarpsins í þinginu og umræðum um það þar megí ráða, að tilgangur greinarinnar sé sá einn, að banna félagsbundnum verkfallsbrjótum að vinna störf verkfallsmanna. Telur stefnandi, að hvorki þjónar, matsveinar né hljóðfæraleikarar hafi á nokkurn hátt farið inn á starfssvið stúlkanna, sem gert hafa verkfall, og að því hafi bann Alþýðusambandsins verið lögleysa.

Af hálfu Alþýðusambands Íslands hefur því verið haldið fram í málinu, að 18. gr. margnefndra laga bæri að skilja þannig, að óheimil sé sérhver aðstoð félagsbundinna manna, sem stuðlaði að því að afstýra verkfalli, sem félag þeirra eða annað félag í sama sambandi hafi löglega hafið. Þá telur Alþýðusambandið að þjónar, matsveinar og hljóðfæraleikarar hafi stuðlað að því að afstýra vinnustöðvun á starfssviði starfstúlkna með því sumpart sjálfir að vinna störf þeirra og sumpart með því að vinna í nánú samstarfi við verkfallsbrjóta, er gengu inn í störf stúlkanna, og með því að þjónar, matsveinar og hljóðfæraleikarar

séu eins og starfsstúlkurnar félagsbundnir í félagi innan Alþýðusambands Íslands, sem standi að verkfallinu, þá hafi þeim verið óheimilt að halda þannig áfram störfum og Alþýðusambandinu heimilt að skipa þeim að leggja niður vinnu. Hefur Alþýðusambandið krafizt þess, að öllum kröfum stefnandans verði hafnað og því tildæmdur málskostnaður.

Þá er því og haldið fram af hálfu Alþýðusambands Íslands, að vinnustöðvun matsveina, þjóna og hljóðfæraleikara hafi verið heimil fyrirvaralaus sem samúðarverkföll, þar eð Alþýðusambandi Íslands sé heimilt að fyrirskipa félögum innan sambandsins að hefja samúðarverkföll, þegar nauðsyn krefji, og til slikra verkfalla þurfi engan fyrirvara. Af hálfu Vinnuveitendafélags Íslands er þessari skoðun mótmælt, og aðallega vegna þess, að öll samúðarverkföll séu óheimil, ef viðkomandi félag hefur gert vinnusamning við þann, sem verkfallið beinist gegn, en einnig er þessu mótmælt á grundvelli þess, að Alþýðusambandið hafi ekki heimild til að fyrirskipa samúðarverkföll og loks, að samúðarverkföll útheimti tilkynningarfyrirvara skv. 16. gr. laga nr. 80/1938.

Skulu nú kröfur og staðhæfingar málsaðilja athugaðar:

I. Um skilning aðilja á 18. gr. l. 80/1938.

Greinin er svo hljóðandi:

„Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin, er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa.“

Orðalag greinarinnar virðist skýrt og ótvírætt banna sérhverja aðstoð meðlima þeirra félaga, sem í deilu eru, og meðlima þeirra félaga, sem eru innan sama sambands og félag það, sem að deilunni stendur, ef aðstoðin stuðlar að því að afstýra því, að vinnustöðvun verði á starfssviði því, sem vinnustöðvunin hefur verið löglega boðuð á. Tilvitnanir málfærslumanns Vinnuveitendafélags Íslands í athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins til l. nr. 80/1938 á Alþingi og ummæli einstakra þingmanna á þingi staðfesta þessa niðurstöðu fremur en hnekkja. Kom það greinilega fram á Alþingi, að aðaltilgangur greinarinnar var að visu sá, að banna félagsbundna verkfallsbrjóta, en það var ekki einasti tilgangurinn, því það er beinlínis tekið fram, að bannið við að nota slíka menn til vinnu er aðeins nefnt sem dæmi um, hvaða aðstoð sé ólögleg í verkfalli, en alls ekki sem tæmandi upptalning. Rétturinn getur því ekki fallizt á kröfu Vinnuveitendafélags Íslands um þann skilning á 18. gr. l. nr. 80/1938, að í henni felist aðeins bann við að nota félagsbundna verkfallsbrjóta þeirra félaga, sem í verkfallinu eru.

II. Krafan um, að bann Alþýðusambands Íslands við vinnu þjóna, matsveina og hljóðfæraleikara á Hótel Borg, Hótel Ísland og Oddfellowhúsinu hafi verið ólöglegt.

Samkvæmt því, sem sagt hefur verið undir I. lið hér að framan, hefur eigendum margnefndra veitingahúsa verið óheimilt að halda áfram rekstri veitingahúsanna með aðstoð þjóna, matsveina og hljóðfæraleikara, sem allir eru í félagi innan Alþýðusambands Íslands, sem, að því er upplýst er í málinu, stendur að verkfallinu.

Spurningin er því sú hér, hvort Alþýðusambandinu hafi verið heimilt að skipa þessum mönnum að leggja niður vinnu fyrirvaralaust, eða hvort sambandið hefði átt að kæra málið fyrst fyrir félagsdómi eða boða vinnustöðvun með 7 sólarhringa fyrirvara.

Rétturinn verður að líta svo á, að þegar vinnustöðvun hafi verið löglega hafin, þá séu deiluaðiljum heimilar vissar aðgerðir fyrirvaralaust, enda sé það í þágu hvorugs deiluaðilja að þræða tilkynningar fyrirvarann út í æsar. Telur rétturinn, að félagsbundið verkafólk hafi til þess fulla heimild, að neita að vinna verk verkfallsmanna og neita að vinna með verkfallsbrjótum, og að stéttarsamband félagsanna hafi til þess fulla heimild, að banna meðlimum sínum að halda áfram störfum, þegar hætta er á, að þeir vinni verk verkfallsmanna eða vinna í nánu sambandi við verkfallsbrjóta. Ákvörðun og tilkynning um verkfall, sem samþykkt hefur verið af stéttarsambandi, nær að sjálfsgöðu ekki aðeins til þeirra einstaklinga, sem í félagi því eru, sem verkfall gera, heldur einnig til allra meðlima sambandsins. Hefur þetta verið svo hér um langan aldur, og á Norðurlöndum, þar sem dómstólarnir hafa mikla reynslu í þessum efnum, er því beinlínis slegið föstu með dómum, að þegar vinnustöðvun hafi verið löglega hafin, þá sé öðrum stéttarfélögum heimilt að láta meðlimi sína leggja niður vinnu fyrirvaralaust, ef hætta er á, að þeir geti að einhverju leyti gripið inn í venjuleg störf þeirra, sem í verkfalli eru, eða ef um náð samstarf er að ræða við verkfallsbrjóta.

Í þessu máli er það upplýst, að samstarf þjóna, matsveina og jafnvel hljóðfæraleikara og starfsstúlkanna er mjög náð. Eru stúlkurnar bæði tengiliður á milli þjóna og matsveina í starfi þeirra og nánir aðstoðarmenn beggja. Það er og upplýst í málinu, að eigendur veitingahúsanna létu bæði matsveina og þjóna vinna störf stúlkanna eftir að þær hófu verkfall, og að þeir héldu rekstri húsanna áfram með aðstoð þjóna, matsveina og hljóðfæraleikara þrátt fyrir verkfall stúlkanna. Verður rétturinn að líta svo á, að með þessu hafi eigendur veitingahúsanna notað þjóna, matsveina og hljóðfæraleikara til að aðstoða sig við að afstýra vinnustöðvun á starfssviði stúlkanna, og að Alþýðusambandinu hafi verið heimilt að afstýra slíku lögbroti skv. 18. gr. laga nr. 80/1938 með því að fyrirskipa þessum starfsmönnum að leggja þegar í stað niður vinnu. Krafa Vinnuveitendafélags Íslands um að bann Alþýðusambandsins verði talið ólögmaett verður ekki tekin til greina.

III. Um sektarkröfu stefnanda á hendur Alþýðusambandi Íslands.

Með því að stefndi hefur í engu brotið lög nr. 80/1938, verður þessi krafa ekki tekin til greina.

IV. Krafa stefnanda um málskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að engin af kröfum Vinnuveitendafélags Íslands verður tekin til greina og málskostnaður fellur niður.